

Frelsun, afturhvarf, að taka á móti Kristi, endurfæðing.

„Eftir lengri eða skemmri innri baráttu og innra misræmi, kemur meira eða minna snögg og gagnger umbreyting sálarástandsins vegna óvæntrar innsýnar inn í lausn sem greiðir vandann. Fyrst og fremst er sú lausn fólgin í vitund um hjálp æðri máttar, sem maðurinn gengur á hönd og fær um leið hugarrósemi, sálarfrið, ný lífsmið og viljastefnu.“


Þannig lýsir Sigurbjörn Einarsson, fyrrverandi biskup, þeim atburði sem í flestra mæli nefnist að frelsast en þjóðkirkjan vill kalla afturhvarf. Allir vita hvað við er átt og flestir þekkja dæmi um fólk sem hefur gerbreitt um lífsstefnu, horfið frá sukki og svalli á vit biblíu- og bænalesturs.

Hvað er það sem í rauninni gerist þegar einhver frelsast? Um það eru til ýmsar kenningar. Margir vísa öllu tali um yfirnáttúruleg fyrirbæri á bug og segja að þetta sé bara sefjun. Því er biskupinn fyrrverandi ekki með öllu fráhverfur en segir: „Gildið fer ekki eftir því, hvort sefjun er með í tafla eða ekki, heldur hinu, hvort áhrifin, hver svo sem ferill þeirra er, ljúka upp fyrir nýjum hollum andlegum orkulindum, sem valdið geta leysingu og gróanda í sálarlífinu.“

Nýjustu kenningar í trúarsálarfræði vísa hins vegar á bug öllu tali um sefjun. Samkvæmt þeim er enginn eðlismunur á trúarlegri skynjun og annarri skynjun, báðar fara eftir sömu brautum sálarlífsins. Þær segja að atferlis- og hugtakakerfi trúarinnar séu ekkert frábrugðin öðrum hjálpartækjum hugans. Eins og fólk notar metrakerfið af því að það dugar því, nota trúadir hugtaka- og atferliskerfi trúarinnar, það dugar þeim. Það sé hægt að skynja tilveruna eftir ýmsum leiðum og með aðstoð alls konar kerfa, spurningin sé um sannleikann, hver tengi hlutina saman fyrir einstaklinginn. Fólk getur lært að skynja hlutina á ákveðinn hátt og fengið þannig staðfestingu sem nægir því. Þetta er ekki einskorðað við trúarlega skynjun og sannfæringu, menn geti eins aðhyllt marxisma, guðleysi o.s.frv. Málið sé að þeir fái staðfestingu.

Í framhaldi af tali um frelsun fylgja frásagnir frelsaðra af upplifunum eins og að sjá sýnir, heyra raddir og tala tungum. Í sumum tilvikum afgreiða vísindin slíkt sem ofsýnjanir eða ranghugmyndir en í öðrum tilvikum eiga þau engin svör. Það á sérstaklega við um tungutalið. Það lýsir sér í því að menn hefja upp raust sína og byrja að tala á tungumáli sem þeir skilja ekki. Hins vegar eru aðrir sem hafa hlotið þá náðargáfu að skilja það sem sagt er og geta túlkað það.

Um þetta vildi Helgarpósturinn forvitnast og því tókum við tali þrjá menn sem hafa frelsast eða öðlast afturhvarf.



Pórarinn Hafberg starfaði legst af sem verkstjóri hjá Reykjavíkurborg en er nú á eftirlaunum og smíðar hnifa og aðra hluti úr tré í tómstundum sínum, hér er hann á verkstæði sínu. (Mynd: Afturelding)

## Jesús þvingar engan

segir Pórarinn Hafberg

Pórarinn Hafberg heitir roskinn maður hér í borg. Hann frelsaðist fyrir rúmum 30 árum og hefur síðan lifað í sátt við guð sinn. Aður en hann varð fyrir þeirri upplifun að frelsast hafði hann verið nokkuð drykkfelldur.

„Mér fannst ég vera sokkinn nokkuð djúpt, þarfir heimilisins voru ekki alltaf númer eitt.“

þiggja því Jesús þvingar engan. Ég fann að hann bankaði á hjarta mitt og ég gaf mig honum á vald. Það verðum við að gera, en margir þora það ekki. En það er alveg óhætt að segja já, menn verða ekki fyrir vonbrigðum.“

— Hefur trúin ekkert dofnað með árunum?

„Nei, hún hefur aukist. Ég hef frið í sálinni og ef maður hefur frið í sálinni getur maður forðast sora heimsins. Það er eins og með fiskinn, sem lifir í söltum sjó, samt þarf að salta hann þegar hann er soðinn. Hann tekur ekki inn í sig salt. Það er eins með okkur, við þurfum ekki að taka inn sora heimsins, þurfum ekki að lifa í heiminum,“ segir Pórarinn.

## Lífið byrjaði 1976

segir Örn Bárður Jónsson

Fyrir sex árum rak Örn Bárður Jónsson fyrirtæki í samvinnu við föður sinn og átti auk þess heildsölu. Hann bjó í nýju einbýlishúsi í Garðabænum sem hann hafði nýlengi við að reisa og var ánægður með lífið. Eða hvað?


„Jú, ég var ánægður með lífið að mörgu leyti en svo kom að því að ég var ónáðaður með erfiðum spurningum. Ég fór að hugsa um grundvallaratriði eins og hvaðan er ég? hvað er ég að gera hér? og hvert fer ég? Spurningar um upphafið, lífið sjálft og framtíðina.“

— Varstu trúadur fyrir?

„Ég var bæði skírður og fermdur en ekki alinn upp við kirkjurækni eða trúrækni. Ég tilheyrði þjóðkirkjunni en gaf því lítinn gaum

# AÐ FRELSAST

Hvað er nú það?



— Varstu trúadur fyrir frelsunina?

„Ég ólst upp hjá föðurömmu minni sem hafði Passíusálmana að leiðarljósi. Hún kenndi mér þá, en ég náði ekki inntaki þeirra fyrr en seinna. Ég var trúadur á þessa visu. En þetta fullnægði mér ekki, ég var mjög leitandi, kynnti mér guðspeki, andatrú ofl. og ruglaði þessu öllu saman. Mig vantaði vegvísi.“

Hann fann ég svo á páskadag árið 1950. Þá var mér farið að leiðast hverning ég hagaði mér, — drykkuskapurinn. Ég fór með kunningja mínum á samkomu Hvítasunnnumanna og eftir hana var ég sæll og glaður og leið vel.“

— Hvernig gerðist þetta?

„Það er erfitt að útskýra það fyrir öðrum. Það var boðið til fyrirbænar og ég hugsaði með mér að mér væri ekki vandara en öðrum að taka þátt í henni. Ég bað um frið og ró og að bæninni lokinni stóð ég upp sem nýr maður. Á heimleiðinni heyrði ég bölv og ragn frá fólki á götunni og var því ekki óvanur, en nú kom það við mig, mér fannst það óviðkunnanlegt.“

— Hvað með vinlöngunina?

„Hún hvarf eins og klippt væri á þráð. Aður hafði ég ekki getað neitað vini og beitti mig sjálfsblekkingum til að komast í það. „Þú þarft ekki að drekka nema hálf“, sagði ég við sjálfan mig en alltaf urðu þær fleiri. Nú hvarf þessi löngun og hefur ekki komið aftur. Sömu sögu er að segja af tóbakinu. Ég hafði bæði reykt og tekið í nefið en nú hvarf öll löngun. Allt þetta heimslega fór úr hjartanu. Í þess stað kom ró og friður.“

— Hefur þú orðið fyrir annarri trúarreynslu, heyrst raddir, séð sýnir eða talað tungum?

„Ég hef hvorki heyrst raddir né séð sýnir. En ég hef talað tungum. Ég skil ekki hvað ég segi þegar það gerist en aðrir geta útlagt það. Ég finn bara að ég fyllist friði og fögnuði.“

— Finnst þér þú vera útvalinn af guði?

„Ekki fremur en aðrir. Frelsarinn dó fyrir alla og allt mannkyn hefur sama rétt, allir geta komið til hans og Jesús er sá sami fyrir alla. Hitt er annað mál hvort fólk vill

hvort Guð væri til eða ekki. Ég var sinnulaus um trúmál og ekki leitandi.“

— En svo fórstu að hugleiða málin.

„Já, og ég komst að því að ég hafði enga afstöðu til þessara spurninga sem ég nefndi áðan. Þá fór ég að lesa Ritninguna og bækur með vitnisburðum manna um reynslu þeirra af Guði. Þá fóru ýmsar spurningar að vakna. Svo var það haustið 1976 að ég eignaðist reynslu sem sannfærði mig um tilvist og kærleika Guðs til mannanna og mín persónulega. Fagnaðarerindið um Jesúm Krist laukst upp fyrir mér.“

— Hafðirðu átt í einhverjum erfiðleikum áður en það gerðist?

„Nei, þetta var ekki afleiðing einhverrar sálarkreppu.“

Guð er persóna

— Hvernig var þessi reynsla, fyrstu á samkomu?

„Nei, ég var einn hér heima og var að lesa og hugleiða. Þá rennur það upp fyrir mér að á raunverulegan hátt sé Guð lifandi og persónulegur. Ég skynja stöðu mína gagnvart þessum Guði kærleikans, að ég hafði snúið við honum baki með sinnuleysi mínu. Ég upplifði sterka köllun til iðrunar og afturhvarfs. Þarna átti sér stað hugarfarsbreyting sem hafði það róttæk áhrif að líf mitt breyttist, þetta var einskonar snúningspunktur. En það má ekki halda að þetta hafi ekki átt sér aðdraganda. Það var eitthvað að gerast innra með mér, bæði mánuðina áður en þetta gerðist og eins ríkjandið upp fyrir mér atvik sem urðu nokkrum árum áður. Það var eins og guð væri að reyna að komast að mér.“

— Hvernig var þessi upplifun?

„Þetta var sterk innri upplifun. Það var eins og eitthvað utanaðkomandi sannfærði mig. Það vaknaði hjá mér mikill áhugi á Biblíunni og ég fór að lesa hana með opnum huga.“


— Þú nefndir róttæk áhrif á líf þitt, hver voru þau?

„Nokkrum dögum eftir þennan atburð fór

eftir Prösti Haraldsson

myndir: Jim Smart





Örn Bárður Jónsson við altarið í Grensáskirkju þar sem hann starfar sem djákni. (Mynd: Jim)

konan mín á samkomu í Grensáskirkju meðan ég var á ferðalagi. Þar varð hún fyrir sterkum trúarhrifum, hún upplifði svipaða hluti og ég hafði gert.

Eftir þetta kynntumst við trúðu fólki og voruð 1977 fórum við til Englands á Bilbúskóla í 3 mánuði. Svo komum við heim, ég hætti í fyrirtækinu, við seldum heildsöluna og fórum utan á ný til 6 mánaða náms. Ég hætti að nota áfengi, það hreinlega gleymdist. Ég uppgötvaði það nokkrum vikum seinna að ég hafði ekki keypt mér áfengi í langan tíma. Þörfin hreinlega hvarf. En ég er ekki fanatískur á móti áfengi, ég geri mér grein fyrir hættunni sem af því stafar. En það er eðlilegt að þörfin hverfi þegar maður hættir að flýja og fálma og finnur eitthvað sem veitir manni allt sem maður hefur leitað að.

Síðan höfum við starfað í tengslum við kirkjuna. Haustið 1979 var ég vígður sem djákni í Grensáskirkju og er sá eini héraendis sem gegni því embætti. Ári seinna hóf ég nám í guðfræði og stunda það enn. Vinn fyrir mér með djáknastráfinu og á næturvöktum á sambyli fyrir þroskahefta við Auðarstræti.

#### Tungutal og sýnir

— Hefurðu orðið fyrir einhverri reynslu á borð við tungutal og þess háttar?

„Já, kvöld eitt var beðið yfir mér, að ég eignaðist kraft heilags anda. Um nóttina var ég að hugleiða og þá kom fram á varir mínar lofgjörð til Guðs á máli sem ég skildi ekki. Þessu fylgdi mikil blessun og yndisleg tilfærning sem er mér sönnun fyrir því að orðin höfðu einhvern mátt. Mér hafði verið gefið bæna- og lofgjörðarmál og síðan hef ég notað það mikið í bænum.

Ég trúi því að mönnum sé gefið þetta bænámál og að flestir eða allir kristnir menn geti eignast það. En svo er annað tungutal, það sem Páll postuli talar um. Það kemur fram á samkomum og krefst útlekkingar. Ég hef reynt það líka, bæði að tala tungum og

útleggja. Því fylgir mikil blessun. Eg vil taka það fram að í öllu þessu er um fullkomna sjálfstjórn að ræða, ég ræð því hvort og hvenær ég byrja. Það þarf ekki að óttast að þetta byrji allt í einu úti í fiskbúð eða í strætó.“

— En hvað með sýnir eða raddir?  
„Ég hef aldrei heyrt raddir. En við lestur Ritningarinnar og bænir upplifi ég stundum sýnir. Með lokuð augu sé ég ýmsar myndir fyrir mér, ekki hlutlægar heldur táknmyndir og ýmislegt sem ég skynja sem leiðsögn Guðs. Þetta er þekkt fyrirbæri í Ritningunni, bæði í nýja og gamla testamentinu. En það á ekkert skylt við andatrú.“

— Hvers verður þú vísari?  
„Ef það kemur td. til mín maður með vandamál sín getur það gerst að ég skynja eitthvert atvik í fortíð hans sem kannski er rót allra vandamála hans en sem hann hefur ekki minnst á við mig. Eins hefur það komið fyrir að ég sé fyrir mér fólk sem haldið er einhverjum sjúkdómi. Það hefur komið fyrir nokkru áður en samkoma hefst og þegar hún er byrjuð kalla ég eftir fólkinu. Yfirleitt gefur það sig fram og þá kemur í ljós að lýsingin stenst. Við höfum svo beðið fyrir því og það hefur oft læknað. Sum þesara tilvika eru staðfest af læknum. En hér er enginn spíritismi á ferð, það eru engir milliliðir. Guð gefur þessa vitneskju til að opinbera mátt sinn og dýrð. Eftir því sem trú mín þroskast reyni ég leiðsögn Guðs, ég finn mig kallaðan og leiddan og ég upplifi Guð sem lifandi veruleika sem ég get talað við og skynjað að hann talar við mig.“

— Að lokum, hefur aldrei hvarflað að þér löngun til að hverfa aftur til fyrra lífens?  
„Nei, mér finnst lífið hafa byrjað haustið 1976.“

## Biblían dæmdi mig hart

segir Þorvaldur  
Halldórsson

Þorvaldur Halldórsson heitir þriðji viðmælandi okkar. Hann þekka eflaust margir, því um árabíl var hann í hópi vinsælustu dægurlagasöngvara landsins. Eftir 12 ára feril sem söngvari hætti hann og fluttist til Vestmannaeyja. Þar frelsaðist hann nokkrum árum síðar. Nú er hann fluttur til Reykjavíkur og hyggst hefja nám í guðfræði nú í haust.

„Ég fékk venjulegt íslenskt uppeldi, það var lítið um trúariðkanir nema kvöldbænir. Ég ólst upp á Siglufirði og þar sóttum við strákarnir fundi í kirkjunni og hjá Hjálpræðishernum, svona svipað og reykviskir strákar sóttu fundi hjá KFUM. En svo komu unglingarárin og þeim fylgja einatt uppreisn gegn öllum hefðum og þar var ég

sist betri en aðrir. Um langt árabíl afneitaði ég Guði og aðhylltist skynsemistru. Mér fannst harla lítið af kærleika og gæðum í heiminum og sagði eins og margir, af hverju er allt þetta ból í heiminum ef Guð er til?

Ég fékk engin svör hjá kirkjunni og fór að virða fyrir mér pólitíkina, en hún var jafnrotin þá og nú. Á ferli minum sem söngvari leitaði ég fyllingar í því lífi sem sett er upp sem glansmynd fyrir unglingana enn í dag, lífi tónlistarmannsins. Eftir því sem ég komst betur inn í skemmtanalífið kynntist ég mannum betur. Og ég sá engan mun á þeim sem tilheyrðu betri borgurum og verkamönnum og sjómönnum. Á vissu stigi áfengisáhrifanna fóru allir að leita einhvers, allir hafa þörf fyrir hamingju, stuðning, áfengið losar um hömlurnar og þá verður leitinn augljósari.“

— Og þú hættir að syngja?  
Já, smámsaman sláðist þetta inn í mig og að því kom að ég sagði hingað og ekki lengra. Ég sætti mig ekki við að þetta væri tilgangur lífsins. Ég var ákveðinn í að lifa betra lífi en skorti ennþá grundvöllinn. Þetta er dæmigerð aðferð Guðs við að leiða til sín syndara, hann þvingar hann aldrei til neins.“

#### Skildi ekki prestinn


— Og þú fórst til Vestmannaeyja.  
„Já, en þar var ekki af trúarastæðum sem ég fór þangað. Það var árið 1974 og þá hafnaði ég ennþá trúnni og fannst Biblían úrelt. En árið 1975 þegar ég gifti mig var mér gefin Biblían og ég fór að glugga í hana. Hún vakti undrun mína því þarna var sannleikurinn loksins kominn. Það var nokkurt kjaftshögg í fyrstu því hún dæmdi mig svo hart. Ég fór að sækja kirkju og hlustaði á prestinn en skildi í rauninni ekki hvað hann var að segja. Mér fannst þægilegt að vera í kirkjunni, ég fann þar vissan frið.“

— En þú varst enn ekki frelsaður, eða hvað?

„Nei, þetta gekk svona fram til ársins 1977, ég sótti kirkjuna og gluggaði í Biblíuna. Sumarið 1977 kom litill hópur í heimsókn til Eyja sem kallaði sig Ungt fólk með hlutverk. Hann hélt samskomur og af einhverri tilviljun lentum við hjónin á fyrstu samkomunni. Þar hófst persónuleg upplifun mín af Guði og Jesú og þar sá ég fyrst lækningar og kraftaverk sem ég hef orðið vitni að síðar. Ég fékk sjálfur lækningu þarna. Það var boðið til fyrirbæna og sá sem bað nefndi ýmsa sjúkdóma sem hann fann meðal viðstaddra þám. Veikan maga. Það var beðið fyrir mér og ég læknaðist af magabólgu sem höfðu hrjáð mig.“

— Geturðu lýst sjálfri frelsuninni?

„Þarna gerðist það að ég skildi í fyrsta sinn predikunina, hvert orð. Predikarinn talaði um Jesum að hann hefði kallað til sín lærisveinana, og spurði hvort við værum reiðubúin. Þá fann ég skyndilega að ég þræði ekkert meir. Ég sagði já og fann um leið fyrir miklum létti, fann að ég var frjáls, að ég var ekki lengur undir hæli náungans eða almenningsálitsins, ekki lengur háður duttlungum mannanna heldur vilja Guðs. Eftir samkomuna var bænastund og þar var beðið með okkur sem höfðum frels-



Þorvaldur Halldórsson er líka virkur í Grensássöfnuði þar sem hann syngur í kirkjukórnum og stjórnar litlum sönghóp. (Mynd: Jim)

ast, að við fylltumst heilögum anda. Það gerðist, ég fann einhvern kraft gegntaka mig og því fylgdi gleði og léttir. Og ég fór að lofa Guð og svo talaði ég tungum. Ég hafði ekki hugmynd um hvaða tungumál þetta var.

Eftir þennan atburð fór ég í kirkju eins og ég var vanur og þá gerist það að ég skil hvert orð sem sagt er. Kirkjan varð lifandi í huga minum.“

#### Satan verður lifandi

— Hefurðu orðið fyrir þeirri reynslu oftast að tala tungum?

„Já, ég hef notað það við bænir og ég hef skilið tungutal annarra. Nú veit ég að það er heilagur andi sem biður fyrir okkur, lyftir okkur hærra í erfiðleikum okkar. Því erfiðleikarnir hverfa ekki við frelsunina. Þú lifir þínu lífi þótt lífsstíllinn breytist. Þú hættir að láta líf þitt stjórnað eingöngu af hvötum. En erfiðleikarnir eru áfram til staðar og þegar þeir stöðja að nota ég tungutal, hleypi heilögum anda að. Við frelsunina verður önnur persóna einnig mjög skýr og lifandi en það er Satan. Maður öðlast skilning á tilveru hans og að ekkert er betra í baráttunni gegn honum en bæn og tungutal.“

— Þetta hefur þú breytt lífi þínu?

„Já, ég hef aldrei fundið meiri gleði, ró og frið. Ég get beðið Guð um lausn á smæstu þörfum og væntað svars. Þegar ég hugsa til baka til þessara 12 ára sem ég var í músikinni, ferðaðist víða um land og hitti margt fólk, þá bliknar þessi tími miðað við það sem hefur gerst frá 1977.“

— Og það hvarflar aldrei að þér að taka upp fyrra lífni?

„Það getur vissulega gerst í þrengingum að upp í hugann skjótið minningar um efnalega vellíðan, því á slíku verður breyting við frelsunina. Við kristnir menn gerum aðrar kröfur og höfum aðrar hugmyndir um þjóðfélagið, við látum t.d. ekki leiðast af sjónvarpsauglýsingum. En eins og ég sagði þá bliknar fortíðin í samanburði við það sem ég hef upplifað frá því ég frelsaðist.“

# Arutún Akopian



## Sjónhverfingamaður, galdramaður og "þjófur" að atvinnu

Akopian er meistari meistaranna. Hreint út sagt aldeilis frábær listamaður. Hann töfrar þig upp úr skónum. Hér er einstakt tækifæri til að sjá Akopian leika listir sínar á Íslandi. Hann kemur fram alla daga meðan á sýningunni stendur.  
**Arutún Akopian — gjörð svo vel!**

**Heimilið  
OG FJÖLSKYLDAN 82**  
SYNING · HÁTÍÐ · KÁTÍNA

HVAÐ ER  
KLUKKAN?

VEIT ÞAD EKKI!  
ÞAD ER BUIÐ AÐ STELA  
ÚRINU MÍNU